

1. fundur skólaráðs

Dags: 26. ágúst 2010

Staðsetning: Í Grunnskólanum á Hólmavík

Fundartími: 17:00

Mættir fulltrúar í Skólaráði eru: Bjarni Ómar Haraldsson, Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, Vala Friðriksdóttir, Sigrún María Kolbeinsdóttir, Jóhanna Kristveig Guðbrandsdóttir, Sverrir Guðmundsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir. Hildur Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri ritar fundargerð.

Arnór Jónsson, fulltrúi nemenda er fjarverandi þar sem hann er í skólaferðalagi í Danmörku. Af þeim sökum hefur verið ákveðið að fella niður öll mál nema lið 1. Nemendur eiga eftir að kjósa sér annan fulltrúa í skólaráðið í stað Önnu Lenu sem er nú útskrifuð og verður það gert í næstu viku og verður sá fulltrúi boðaður á næsta fund ráðsins. Skólaráðið hefur fundað einu sinni áður en síðan þá hefur Kolbrún Þorsteinsdóttir bæst í hópinn. Jóhanna og Sigrún María voru ekki á fyrsta fundi ráðsins.

Hlutverk ráðsins rætt. Samkvæmt grunnskólalögum starfar skólaráð við Grunnskólann á Hólmavík. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um allt sem viðkemur skólahaldi. Skólaráð hefur mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að því að tryggja hagsmuni þeirra aðila sem tengjast starfsemi Grunnskólans og grenndarsamfélagsins. Skólaráði ber að haga störfum sínum þannig að tryggt sé að skólahald fari fram með eðlilegum hætti og standist kröfur sem gerðar eru til íslenskra grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, greinanámskrám og lögum sem gilda almennt um starfsemi grunnskóla.

Skólastjóri boðar fundi og sendir undirbúningsgögn eftir því sem þurfa þykir. Stefnt er að því að halda 7 fundi á skólaárinu auk þáttöku skólaráðs í opnum fundi / ráðstefnu þar sem stefnumótun og skólastarfið er til umræðu og boðað verður til af sveitarfélaginu Strandabyggð. Fundum getur fjölgað eða ááttun breyst ef önnur verkefni sem skólaráð telur nauðsynlegt að fjalla um verða tekinn til umfjöllunar. Í þeim tilfellum er miðað við að umræðuefnið rúmist ekki innan fundartíma Skólaráðs.

Ákveðið var að breyta starfsáætlun eins og hér segir:

1. fundur. 26. ágúst klukkan 17:00 – 19:00 í Grunnskólanum á Hólmavík

- Funda- og starfsáætlun skólaráðs rædd og samþykkt / Breytingartillögur.

2. fundur. 2. september klukkan 17:00 – 19:00 í Grunnskólanum á Hólmavík

- Starfsáætlun Grunnskólans og skóladagatal samþykkt eða tillögur settar fram um úrbætur.
- Farið yfir kennslumagn – kennsluskipulag – viðmiðunarstundaskrá – umsjónarkennslu
- Stefnur og strumar í skólastarfinu. Tillögur gerðar um að skerpa áherslur ef þarf
- Starfsmannastefna Grunnskólans. Tillögur gerðar um að skerpa áherslur ef þarf
- Forfallakennsla
- Skólaakstur
- Valgreinar í unglingsdeild

- Heimanám
- Heimanámstímar
- Mötuneyti
- Önnur mál

3. fundur. 7. september kl. 17:00-19:00 í Grunnskólanum á Hólmavík

- Fyrirkomulag haustfunda með foreldrum / Námeftis- og námskynningar
- Morgunkaffi foreldra með skólastjórnendum einu sinni á önn.
- Skólanámskrá yfirfarin og tillögur gerðar um úrbætur.
- Bekkjarnámskrár yfirfarnar og tillögur gerðar um úrbætur ef þarf miðað við áherslur Aðalnámskrár grunnskóla og greinanámskráa.
- Nemendaverndarráð
- Umræður um sérfræðiráðgjöf og aðgengi að sérfræði – og félagslegum úrræðum fyrir nemendur og foreldra
- Staða sérkennslu, kennslumagn og stuðningsúrræði við nemendur með sértæka námserfiðleika eða fatlanir / Aðgengi fatlaðra
- Önnur mál

4. fundur. 14. október klukkan 17:00 – 19:00 / í Grunnskólanum á Hólmavík

- Foreldrafundur við lok vorannar
- Foreldrafélagið og staða þess
- Foreldrahandbók
- Heimasíða – miðlun upplýsinga til foreldra og skólasamfélagsins metin.
- Fréttabréf – Fréttir af bekkjarstarfi
- Mentor
- Samstarf heimilis og skóla , úrbætur
- Nemendafélag skólans – hagsmunamál nemenda
- Önnur mál

5. fundur. 13. janúar klukkan 17:00 – 19:00 / í Grunnskólanum á Hólmavík

- Grænfáninn og umhverfismál
- Yfirferð á niðurstöðum samræmdra prófa og tillögur gerðar um úrbætur fyrir haustið 2011
- Eineltisáætlun / Velferðaráætlun. Áætlun yfirfarin og tillögur gerðar um úrbætur ef þarf
- Staða Listgreinarkennslu
- Staða Tónlistarkennslu
- Skólahúsnæði og skólalóð. Öryggi og aðbúnaður.
- Önnur mál

6. fundur. 7. apríl klukkan 17:00 – 19:00 / í Grunnskólanum á Hólmavík

- Staða teymisvinnu og bekkjarfyrirkomulags vetrarins metin með tilliti til hagsmuna nemenda sem taka þátt í breyttum áherslum
- Námsmat og tilhögun þess við Grunnskólann á Hólmavík
- Mat á skólasterfi, innra mat og umbótaáætlun

- Önnur mál

7. fundur. 9. júní klukkan 17:00 – 19:00 / Í Grunnskólanum á Hólmavík

- Uppgjör skólaársins
- Tillögur gerðar vegna almenns undirbúnings fyrir skólaárið 2011 - 2012.
- Niðurstöður starfsmannasamtala kynntar skóalráði
- Önnur mál

Nefndarmenn fá send gögn með tölvupósti fyrir næsta fund. Fundi slitið kl. 17:30.